

# FÆÐINGARMÁTI - ÁHRIF Á GRINDARBOTN

Þegar rætt er um muninn á afleiðingum fæðingar um leggöng og með keisaraskurði er oft einblínt á fyrstu dagana eftir fæðinguna, þ.e. verki, blóðmissi, hreyfifærni, sýkingahættu o.s. frv en einnig er mikilvægt að skoða áhrifin þegar til lengri tíma er litið.

## ÞVAGLEKI:

Þremur mánuðum eftir fæðingu eru 3% þeirra sem fæddu með keisara með þvagleka, en 10% þeirra sem fæddu um leggöng. Verndandi áhrif keisara eru þó ekki til frambúðar. Keisaraskurður verndar samt lítillega fyrir þvagleka hjá yngri konum, en eftir tíðahvörf virðist ekki skipta máli hvort konan fæddi eða hvernig. Ef kona hefur farið í aðgerð til að laga þvagleka eða sig er mælt með ráðgjöf fæðingarlæknis varðandi fæðingarmáta.

## HÆGÐA OG/EÐA LOFTLEKI:

Erfiðara að meta þessi einkenni vegna ýmissa ristilsjúkdóma sem geta haft áhrif. Ástæða leka getur verið skemmd, þ.e. rifa á endaparmshringvöðvanum eða skemmd á pudendustauginni. Í stærri rannsóknum er talað um hringvöðvaskaða í 3-4 % tilvika eftir fæðingar, en allt að 10% við áhaldafæðingar, einkum tangarfæðingar. Eftir hringvöðvaskaða þar sem konan er einkennalaus, má hún fæða um leggöng þar sem ekki hefur verið sýnt fram á vernd við keisaraskurð. Ef konan hefur einkenni um hægða- eða loftleka eða hefur farið í aðgerð vegna þess, er oft mælt með keisaraskurði við næstu fæðingu. Mælt er með ráðgjöf fæðingarlæknis um fæðingarmáta.

Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á mun á fæðingarþunglyndi eftir fæðingarmáta, nema þegar um bráðakeisara er að ræða, en þá er fæðingarþunglyndi algengara (en aðrir þættir sem ollu ástandinu höfðu líka áhrif). Tveimur mánuðum eftir fæðingu var ekki betri upplifun hjá þeim sem fæddu með keisaraskurði samanborið við þær sem fæddu um leggöng. Svensk rannsókn bendir til þess að frumbyrjur sem fæddu með fyrirfram ákveðnum keisara höfðu verri upplifun af fæðingunni borið saman við konur sem fæddu um leggöng. Fæðingarmáti virðist ekki hafa áhrif á kynlíf (sexuell funktion) þremur og sex mánuðum eftir fæðingu samkvæmt rannsóknum.